

Mál nr. 253/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Réttaraðstoðartrygging.

### Fullnaðargreiðsla á grundvelli váttryggingasamnings. Sönnun fjártjóns.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 10. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 31. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. ágúst 2025.

#### Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að A var með í gildi réttaraðstoðartryggingu sem hluta af fasteignatryggingu sinni hjá V. Lögmaðurinn M var með umboð frá A til að sækja um réttaraðstoðartryggingu A hjá V og móttaka greiðslur vegna hennar vegna dómsmáls er varðar galla í fasteign sem A seldi. V staðfesti rétt A til bóta vegna málsins með tölvupósti þann 8. febrúar 2022. Ágreiningsmál A við kaupendur fasteignarinnar fór bæði fyrir héraðsdóm og Landsrétt. Þann 14. apríl 2025 barst V beiðni frá M um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingunni samkvæmt umboði. Starfsmaður V óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum inn á hvaða fjárvörslureikning leggja ætti bætunarnar. Í tölvupósti milli aðila 15. apríl 2025 sagði starfsmaður V orðrétt „Við bókum greiðsluna í dag inn á fjárvörslureikning ykkar og ætti greiðslan að berast ykkur á næstu dögum“. M barst engin greiðsla og hafði í kjölfarið samband við V sem upplýsti að greiðslan hefði farið inn á bankareikning A. Jafnframt sagði starfsmaður V „Biðst velvirðingar, greiðslan var greidd inn á reikning umbjóðanda þíns þann 15.04.2025“. Í málskoti sínu greinir M frá því að eftir samskipti sín við A sé ljóst að A ætli ekki að greiða M og að M sé ekki lengur lögmaður hans enda ósáttur við framferði hans. M gerir kröfu um að nefndin úrskurði að V sé skuldbundið til að greiða bætur úr réttaraðstoðartryggingu að fjárhæð kr. 1.826.400 til sín á grundvelli umboðs frá A, dags. 17. janúar 2022, þrátt fyrir að hafa greitt trygginguna inn á reikning A. Í málskoti sínu rekur M samskipti sín við V og vísar til nánar tilgreindra ákvæða í skilmála réttaraðstoðartryggingar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ágreiningur málsins lúti fyrst og fremst að því hvort bótagreiðsla V til A teljist réttmæt og hvort M eigi rétt til þess að V leiðrétti greiðslu váttryggingabóta og greiði hana að nýju til M. Það fæli í sér að V þyrfti að tvígreiða bætur í málinu og alfarið sé óljóst hvort endurheimtur væru réttmætar eða mögulegar. Enginn ágreiningur sé um útreikning bótafjárhæðar. V telur sig hafa uppfyllt skyldur sínar til greiðslu bóta samkvæmt váttryggingarsamningi með því að greiða bætunarnar til hins váttryggða sjálfs. Fullar efnir kröfunnar hafi því átt sér stað. Í inngangsákvæði fasteignatryggingar komi skýrt fram að váttryggðir séu þinglýstir eigendur váttryggðrar fasteignar eða eignarhluta. Í 13. tl. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga segi að í skaðatryggingum sé váttryggður sá sem samkvæmt váttryggingarsamningi eigi rétt á að krefjast bóta. Í 36. gr. almennra skilmála félagsins segi að „greiðslur bóta úr váttryggingunni skuli renna til váttryggða nema um annað hafi verið samið og komi fram í váttryggingarskírteini eða skilmálum. Bætur greiðist eingöngu til umboðsmanns váttryggða gegn framvísun fullgilds umboðs.“ Í grunninn sé það því hinn váttryggði sem eigi rétt til greiðslu váttryggingabóta og sá réttur verði ekki af honum tekinn nema samkvæmt reglum kröfurettar um kröfufamsal, veðsetningu eða skuldajöfnun. Orðalag umboðsskjals verði ekki túlkað svo rúmt að í því felist framsal á rétti til váttryggingabóta og tilvist slíks umboðs útiloki ekki möguleika skuldara á því að efna kröfu sína með greiðslu til kröfuhafa í stað umboðsaðila. Þá fellst V ekki á að starfsmaður þess hafi gefið M skuldbindandi loforð um greiðslu bótafjárhæðarinnar inn á fjárvörslureikning M. Telur V að skilyrði bótaréttar innan samninga séu ekki fyrir hendi. Hvað varðar bótarétt utan samninga þá telur V að háttsemi starfsmanns hafi hvorki verið sagnæm né ólögmat. Afleiðing þess að greiðslan barst ekki á reikning málskotsaðila sé sú að hann missti möguleika á því að skuldajafna bótagreiðslunni upp í kröfu um ógreidda þóknun skv. málskostnaðarreikningi eins og honum var heimilt skv. reglugerð nr. 1192/2005 um fjárvörslureikninga lögmannna.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að V gerði mistök og beri að leiðrétta þau þannig að M verði ekki fyrir tjóni og hafi fyrirhöfn og kostnað af því að þurfa að höfða mál á hendur A sem alls óvíst

er að geti borgað. Þá ítrekar M fyrri rökstuðning sinn og telur að skilmálar réttaraðstoðartryggingar gangi framur almennum skilmálum.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að túlkun V á umræddu skilmálaákvæði sé röng. Í réttaraðstoðartryggingu sé að finna upptalningu kostnaðarliða sem V greiðir váttryggðum vegna ágreiningsmáls. Það feli ekki í sér að lögmaður váttryggðs geti krafist greiðslu lögmannskostnaðar frá félaginu. Það sé beinlínis rangur skilningur á ákvæðinu.

#### **Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V hafi með greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu til hins váttryggða, A, uppfyllt skyldur sínar samkvæmt váttryggingarsamningi, eða hvort V hafi borið að greiða bætur inn á fjárvörslureikning M á grundvelli umboðs sem A hafði veitt honum. Samkvæmt 36. gr. almennra skilmála V skulu greiðslur bóta úr váttryggingunni renna til hins váttryggða nema um annað hafi verið samið og komi fram í váttryggingarskírteini eða skilmálum. Þá segir að bætur greiðist til umboðsmanns váttryggðs gegn framvísun fullgilds umboðs. Með umboði A til M var M heimilt að sækja um bætur fyrir hans hönd og móttaka greiðslu vegna þeirra. Slíkt umboð felur þó ekki í sér framsal á sjálfum bótaréttinum nema slíkt sé sérstaklega tekið fram, sbr. almennar reglur kröfuréttar. Hinn váttryggði heldur þannig rétti til váttryggingarbóta. Í máli þessu liggur fyrir að V greiddi bætur úr réttaraðstoðartryggingu inn á bankareikning A, sem er váttryggður samkvæmt samningi. Með þeirri greiðslu hefur félagið fullnægt skyldu sinni til efnda samkvæmt váttryggingarsamningi. Það að A hafi í framhaldinu ekki ráðstafað bótunum til að standa skil á þóknunarkröfu M gagnvart sér getur ekki haft í för með sér skyldu V til að greiða bætur að nýju, enda tengist það innbyrðis réttarsambandi A og M en ekki skuldbindingum V samkvæmt váttryggingarsamningnum. M hefur vísað til þess að starfsmaður V hafi gefið honum loforð um að greiða bæturnar inn á fjárvörslureikning hans og byggt á því að félagið beri ábyrgð á mistökum starfsmanns síns. Slíkt sjónarmið lýtur að mögulegri skaðabótaábyrgð utan váttryggingarsamningsins, þ.m.t. vinnuveitandaábyrgð V á háttsemi starfsmanns síns. Það er hins vegar annar ágreiningur sem fellur ekki undir úrlausn nefndarinnar í máli þessu, enda snýst málskotið um kröfu M um bætur úr réttaraðstoðartryggingu A hjá V. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að V hafi með greiðslu til A fullnægt skyldum sínum samkvæmt váttryggingarsamningi.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir